

129

Ó, höfuð dreyra drifið



B $\flat$ E $\flat$ B $\flat$ C m G m E $\flat$ 6 F B $\flat$ F $\sharp^o$ /A G m C m^6 D G m

1. Ó, höf - uð dreyr - a drif - ið er drúp - ir smáð og pínt,
 2. Þú aug - lit allr - a skær - ast, í upp - hæð veg - sam - að,
 3. Af blygð og harm - i hrelld - ur ég, Herr - a, játt - a má:
 4. Æ, virst - u við mig kann - ast svo vond - ur sem ég er,

B $\flat$ E $\flat$ B $\flat$ C m G m E $\flat$ 6 F B $\flat$ F $\sharp^o$ /A G m C m^6 D G m

af hönd - um þræl - a þrif - ið og þyrn - um sár - um krýnt,
 þú ynd - ið engl - a kær - ast, hví ert - u hrækt og spjað?
 Mín synd - a - sekt því veld - ur, hún sárt þig lagð - ist á.
 og sauð þinn aum - an ann - ast sem ein - att vill - ur fer.

C m D m E $\flat$ A o /C B $\flat$ sus4 B $\flat$ E $\flat$ B $\flat$ 7 C m G

Ó, heil - agt höf - uð frið - a er himn - esk lotn - ing ber
 Hví ert - u þann - ig þjak - að að þekkj - ast mátt ei nú?
 Sjá, hér ég er sem hef - i þig hrak - ið, pínt og smáð.
 Mér virst - u særð - um sval - a í sál - ar þungr - i neyð,

C/E F F/E $\flat$ B $\flat$ /D F/C B $\flat$ 6 C F B $\flat$ C m G m E $\flat$ 6 F B $\flat$

en háð - ung hlaust að líð - a, mitt hjart - a lýt - ur þér.
 Hví svo af böðl - um blak - að að blikn - a hlýt - ur þú?
 Þín mis - kunn mér þó gef - i að megi' eg öðl - ast náð.
 æ, virst - u við mig tal - a og vísa' á rétt - a leið.

5. Ég vil þar vera hjá þér
 er veit ég pínðan þig
 og eigi fara frá þér.
 Æ, fyrirlít ei mig.
 Er dauðans svefn fær sigið
 á signað auga þitt
 ég vil þitt höfuð hnigið
 við hjartað leggja mitt.

6. Af hjarta þér ég þakka
 að þyngstan kvaladeyð
 þú ljúft þér lést að smakka
 svo leystir mig úr neyð.
 Lát, Kristur kærleiksríkur,
 ei kulna trú hjá mér
 en loks er ævi lýkur
 mig lát þú deyja' í þér.